

## **Verndarar barna – forvarnaverkefni Barnaheilla – Save the children á Íslandi gegn kynferðisofbeldi á börnum.**

### **Fyrirlestrar, fræðsla og námskeið fyrir skóla og félagasamtök.**

Reykjavík 5.mars 2020

Á undanförunum árum hafa yfir fjórtíu þúsund manns fengið fræðslu á vegum Verndara barna. Fullorðnir hafa fengið fræðslu um leiðir til að vernda börn gegn kynferðisofbeldi en börn og unglingar hafa fengið fræðslu um muninn á góðum og slæmum leyndarmálum, að setja mörk og segja frá.

Vitundarvakning hefur orðið í samfélaginu á undanförunum árum um málefnið og umræða um ábyrgð fullorðinna aukist en við þurfum að gera enn betur. Samkvæmt nýrri rannsókn sem Rannsóknir og greining unnu fyrir Unicef á Íslandi verða um 13.000 börn fyrir kynferðislegu eða líkamlegu ofbeldi hér á landi.

Í hverjum skóla eru börn sem hafa orðið fyrir slíku ofbeldi. Rannsóknir sýna hversu alvarlegar og jafnvel varanlegar afleiðingar ofbeldi getur haft á líf og heilsu barna. Með fyrirbyggjandi aðgerðum bætum við lífsgæði þessara barna og með því að þekkja einkenni og vísbendingar um ofbeldi eru meiri líkur á að þau fái viðeigandi stuðning og hjálp fyrr.

**Barnaheill** hvetja allar stofnanir sem starfa með börnum og unglingum til að setja sér markmið um að vernda börn gegn kynferðisofbeldi og gera kröfu um að starfsfólk sækji námskeið þar sem það fær þjálfun í að tryggja öryggi barna. Einnig er brýnt að börn og unglingar fái fræðslu í skólum landsins þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir að öll börn fái viðeigandi fræðslu og leiðbeiningar heima fyrir. Reynslan sýnir að um 10 % barna og unglunga leita sér aðstoðar í kjölfar fræðslu.

**Barnaheill** vilja með bréfi þessu kynna forvarnaverkefnið Verndarar barna og þá fræðslu sem í boði er fyrir þinn skóla.

### **1. Fyrirlestrar**

Boðið er upp á tvenns konar fyrirlestra.

#### **a. Forvarnir gegn kynferðisofbeldi**

Fyrirlesturinn er ætlaður foreldrum og öllum sem vinna með börnum og unglingum. Fjallað er um tölfræði úr íslenskum veruleika og hvernig hægt er að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi á börnum. Leitast verður við að svara spurningum eins og: Hver eru merkin? Hvert á að leita hjálpar? Af hverju segja börnin ekki frá? Hvernig og af hverju á ég að tala um þetta við börnin?

Tími: 90–120 mín.

Verð: 65.000 kr. + ferða- og dvalarkostnaður þar sem það á við.

### ***b. Einkastaðir líkamans***

Fyrirlestur sem hentar bæði starfsfólki og foreldrum. Hann heitir **Einkastaðir líkamans** og byggist á samnefndri bók. Fyrirlesturinn fjallar um líkamann, hvernig við setjum öðrum mörk og um einkastaði líkamans. Erindið og bókin gefa foreldrum og uppalendum hugmyndir af því hvernig hægt er að nálgast umræðuna um þetta mikilvæga málefni við börn á aldrinum 4/5 til 12 ára. Bent er á leiðir til að færa talið að einkastöðum líkamanns og mikilvægi þess að segja frá óþægilegum leyndarmálum og snertingum. Börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi. Foreldrar eru hvattir til að fræða börn sín, allt eftir aldri og þroska.




Tími: 60–90 mín.

Verð: 65.000 kr. + ferða- og dvalarkostnaður þar sem það á við.

## **2. Námskeið– Verndarar barna**

Um er að ræða nýtt, endurbætt íslenskt námskeið.

Markmið námskeiðsins **Verndarar barna** er að kenna fullorðnum einfaldar og áhrifaríkar leiðir til að vernda börn gegn kynferðis- ofbeldi. Í því felst fræðsla og markviss þjálfun í að fyrirbyggja, þekkja og bregðast við kynferðislegri misnotkun barna af hugrekki og ábyrgð. Samkvæmt [mati](#) á efninu **Verndarar barna** breytir það hegðun og viðhorfi fólks og vitað er að fjöldi tilkynninga eykst eftir fræðslu (Dagbjört Rún Guðmundsdóttir, 2012).



Nánari kynningu á og upplýsingar um námskeiðið má nálgast [hér](#).

Nánari kynningu á og upplýsingar um námskeiðið má nálgast [hér](#).

Tími: 4 klukkustundir.

Verð: 9.500 kr fyrir hvern þátttakenda + ferða- og dvalarkostnaður þar sem það á við.

## **3. Fræðsla fyrir börn 8–16 ára**

Að fenginni reynslu er mikilvægt að börn og unglingar fái fræðslu um að setja mörk, um samskipti og að segja frá. Komið hefur í ljós að 10 % barna og unglunga leita sér aðstoðar í kjölfar fræðslu. Slík fræðsla ætti að vera í námskrá hvers skóla, þannig að tryggt sé að hver skóli gefi sér tíma til að sinna því mikilvæga hlutverki að hlúa að öryggi barna.

### **a. Leyndarmálið – 3. bekkur**

Teiknimyndin ásamt stuðningsefni sem henni fylgir stendur skólum til boða þeim að kostnaðarlausu.




Fræðslan er í höndum kennara eða starfsfólks skólans og er ætluð börnum í 3. bekk. Starfsmaður Barnaheilla sér um að senda skólum bókamerki á hverju ári með hvatningu um að sýna börnum í 3. bekk þessa mynd og vinna verkefni í tengslum við hana. Boðskapur myndarinnar er: Ef þú segir frá færðu hjálp. Þarna er tekið á kynferðislegu ofbeldi á faglegan hátt. Börn sem eru að burðast með erfiðleika og vanlíðan vegna atburða sem tengjast kynferðisofbeldi, fá tækifæri til að segja frá. Það er forsenda þess að hægt sé að hjálpa þeim og þau eiga ekki að þurfa að bera slíka byrði án stuðnings okkar. Starfsmaður Barnaheilla getur veitt leiðsögn til handa starfsfólki fyrir eða eftir sýningu myndarinnar sé þess óskað.

Tími: Ein kennslustund, myndin er 11 mínútur.

Verð: 0

### **b. Lífsleikni – 5.–10. bekkur**

Efnið er ætlað grunnskólanemendum. Rætt er við unglinga um að setja mörk, um samskipti, kynhegðun og neyslu. Rætt er um mikilvægi þess að leita sér hjálpar og aðstoðar ef þess er þörf þó að það geti verið erfitt. Rætt er um samskipti við jafnaldra og hvað sé ofbeldi og hvernig það lýsir sér. Einnig er rætt um samskipti og ábyrga netnotkun. Eins og fram kemur hér að framan er þetta mikilvæg umræða við unglinga um hættur og hvernig ber að varast þær og fá hjálp. Ýmsar staðreyndir eru ræddar, eins og að 1 af hverjum 5 börnum á Íslandi verður fyrir kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur. Stundin er byggð upp með spjalli og hlutverkaleik þar sem nemendur geta speglað sig, spurt og sagt hvað þeim finnst um þessi mál. Þau er hvött til að styðja við hvort annað til að leita sér hjálpar og tala um mál af þessum toga. Einnig er rætt um mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Talað er um afleiðingar þess að alast upp við ofbeldi, mikilvægi þess að finna leið til að segja frá og úrræði sem í boði eru fyrir alla fjölskylduna.



Í lok fræðslunnar fá nemendur tækifæri til að spyrja spurninga, skriflega og nafnlaust. Það er gert til að auðvelda þeim að spyrja um atriði sem þeim þykir óþægilegt að spyrja um fyrir framan aðra.

1. Hvað lærðir þú?
2. Hvað fannst þér athyglisverðast?
3. Hvað kom á óvart?
4. Hvað fleira viltu vita í sambandi við kynferðislegt ofbeldi?
5. Er einhver sem þú treystir 100%? Hver er það? Hvers vegna treystir þú viðkomandi?

Farið er yfir svör og spurningar barnanna, þeim svarað skriflega og sent til baka í viðkomandi skóla. Boðskapur fræðslunnar er: Ef þú segir frá færðu hjálp. Það er mjög mikilvægt að börn sem eru að burðast með hluti sem þau eiga ekki að lenda í fái tækifæri til að segja frá. Það er forsenda þess að hægt sé að hjálpa þeim og þau eiga ekki að þurfa að bera slíka byrði án stuðnings.

Reynsla skóla af lífsleiknifræðslunni er afar góð og að jafnaði er einn nemandi sem leitar sér aðstoðar í kjölfarið.

Fjöldi: 20–30 börn í kynjaskiptum hóp.

Tími: 40–60 mínútur.

Verð: 20.000 kr. hver skólastund + ferða- og dvalarkostnaður þar sem það á við

Skráning eða nánari upplýsingar um námskeiðið á [verndararbarna@barnaheill.is](mailto:verndararbarna@barnaheill.is)

Leiðbeinendur á námskeiðum og fyrirlestrum eru:



Guðrún Helga Bjarnadóttir leikskólakennari og verkefnastjóri



Sigríður Björnsdóttir sálfræðingur og verkefnastjóri